

Verkefni: Aðalfundur Gígunnar.
Dagsetning fundar: 27. október 2012.
Tímasetning fundar: kl. 14:00 - 16:10
Fundarstaður: Söngskólinn Domus Vox, Laugavegi 116, 105 Reykjavík

Stjórnarkonur Gígunnar:

Anna Laxdal Þórólfsdóttir	formaður	mætt
Þórhildur Kristjánsdóttir	varaformaður	fjarverandi
Steiney Halldórsdóttir	ritari	fjarverandi
Ragnheiður Helgadóttir	gjaldkeri	fjarverandi
Dagný Þrastardóttir	meðstjórnandi	mætt
Anna Guðrún Gylfadóttir	varamaður	mætt
Snæfríð Egilson	varamaður	fjarverandi
Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir	varamaður	fjarverandi
Margrét Bóasdóttir	verndari Gígunnar	fjarverandi

Eftirtaldir aðildarkórar sendu fulltrúa til aðalfundarins:**Jórukórinn Selfossi**

(Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir)

Kvennakór Akureyrar

(Una Þórey Sigurðardóttir og Valdís Björk Þorsteinsdóttir)

Kvennakór Ísafjarðar

(Anna Guðrún Gylfadóttir og Dagný Þrastardóttir)

Kvennakór Kópavogs

(Guðrún Ósk Sæmundsdóttir, Ásdís Arnardóttir og Gróa Hreinsdóttir)

Kvennakór Reykjavíkur

(Anna Laxdal Þórólfsdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir)

Kvennakór Suðurnesja

(Ína Dóra Hjálmarsdóttir, Bergný Jóna Sævarsdóttir og Aðalheiður Gunnarsdóttir)

Kvennakórinn Léttuveit Reykjavíkur

(Júlíana Rannveig Einarsdóttir)

Kvennakórinn Seljur

(Bjarndís Júlíusdóttir og Hulda S. Júlíusdóttir)

Kvennakórinn Ymur

(Jóna Kristinsdóttir og Sigrún Björk Jónsdóttir)

Uppsveitasystur

(Gróa Hreinsdóttir)

Vox Feminae

(Hallveig Andrésdóttir, Þuríður Helga Jónasdóttir og Ingibjörg B. Sigurðardóttir)

Kvennakórinn Fjalladísir sendi kveðju.

Kvennakórinn við Háskóla Íslands var í æfingabúðum og sendi kveðju.

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

Anna Laxdal formaður setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Hún lagði til að Aðalheiður Gunnarsdóttir yrði kosinn fundarstjóri og Dagný Þrastardóttir og Anna Guðrún Gylfadóttir fundarritarar og var það samþykkt með lófataki. Að loknum aðalfundi var kvennakórskona heiðruð. Farið var yfir vefsetur Gígjunnar og það kynnt. Sagt var frá lagi sem verið er að semja í tilefni 10 ára afmælis Gígjunnar. Upplýsingar um Landsmót Gígjunnar 2014 eru farnar að koma á heimasíðuna. Ferðasaga Kvennakórs Reykjavíkur til Ungverjaland og ferðasaga Kvennakórs Akureyrar til Kanada.

1. Skýrsla stjórnar.

Anna Laxdal formaður flutti skýrslu stjórnar, sem var eftirfarandi:

Á aðalfundi Gígjunnar sem haldinn var 22. október 2011 mættu 30 konur frá 14 kórum. Á fundinum gengu þrjár konur úr aðalstjórn sambandsins, þær Aðalheiður Gunnarsdóttir formaður, Anna Inga Grímsdóttir og Sigurborg Sigurðardóttir. Inn í stjórn komu Dagný Þrastardóttir, Ragnheiður Helgadóttir og Þórhildur Kristjánsdóttir.

Núverandi stjórn er þannig skipuð:

*Anna Laxdal Þórólfsdóttir, Kvk. Reykjavíkur, formaður
Þórhildur Kristjánsdóttir, Kvk. Hornafjarðar, varaformaður
Steiney Halldórsdóttir, Kvk. Hafnarfjarðar, ritari
Ragnheiður Helgadóttir, Kvk. Hafnarfjarðar, gjaldkeri
Dagný Þrastardóttir, Kvk. Ísafjarðar, meðstjórnandi*

Varastjórn:

*Snæfríð Egilson, Kvk. Akureyrar
Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir, Kvk. Akureyrar
Anna Guðrún Gylfadóttir, Kvk. Ísafjarðar*

*Skoðunarmenn reikninga eru: Inga J. Arnardóttir og Margrét Hreinsdóttir
Verndari sambandsins er Margrét Bóasdóttir.*

Þegar hefðbundnum aðalfundarstörfum lauk var komið að því að heiðra kvennakórskonu fyrir góð störf og að þessu sinni var það Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir sem hlaut viðurkenningu fyrir gríðargott starf í þágu uppbyggingar kvennakórastarfs á Íslandi, bæði fyrir sinn kór og Gígjuna.

Að því loknu var nýtt lógó Gígjunnar kynnt en það var Gréta Ösp Jóhannesdóttir sem hannaði lógóið. Voru fundargestir ánægðir með nýja lógóið.

Þórkatla Aðalsteinsdóttir flutti síðan erindið "Gleði í kvennakórastarfi" en þar fjallaði hún um hvað söngur og þátttaka í kvennakór hefur góð áhrif á líðan kvenna. Fundargestir skemmtu sér mjög vel við að hlusta á Þórkötlunni.

Fundargerð frá aðalfundinum er á vefsetri Gígjunnar, gigjan.is, undir liðnum "Stjórn".

Starf stjórnar sl. ár

Á þessu starfsári hefur stjórnin einungis haldið tvo fundi. Það var stjórnarskiptafundur og aðalfundur og má sjá fundargerðir þessara funda á vefsetri Gíggunnar. Stjórnin er nú dreifð um allt land og því erfiðara um vik með að halda fundi og tölvusamskiptin því frekar notuð.

Aðildarkórar.

Söngárið 2012 hefur verið viðburðaríkt hjá aðildarkórum Gíggunnar og halda nokkrir þeirra upp á stórafmæli þetta árið. Kvennakór Kópavogs heldur uppá 10 ára starfsafmæli á þessu ári. Áfanganum hefur verið fagnað á árinu með tónleikum, skemmtun, glens og gleði og í samstarfi við Digraneskirkju stóðu þær fyrir tónleikum til styrktar Mæðrastyrksnefnd Kópavogs. Þær verða með lokatónleika á afmælisárinu þann 30. október nk. í Kópavogskirkju. Kvennakórinn Embla hélt einnig upp á 10 ára afmæli á árinu. Þrír kórar urðu 15 ára á árinu en það eru Cantabile, Kyrjurnar og Íslenski kvennakórinn í Kaupmannahöfn. Einnig urðu Fjörðurnar og Kvennakór Ísafjarðar 5 ára á þessu ári. Stjórn Gíggunnar óskar þessum kórum hjartanlega til hamingju með þessa áfanga. Nokkrir aðildarkórar Gíggunnar héldu tónleika á erlendri grund sl. sumar. Kyrjukórinn í Þorlákshöfn fór í vel heppnaða kórferð til Ohrid í Makedóníu en þar er árlega haldið kóramót og var mótið haldið í fimmta sinn í sumar. Einnig fóru konur úr Kvennakór Garðabæjar utan og héldu þær í söngferð til Bandaríkjanna og Kanada í sumar. Kvennakór Akureyrar flaug einnig út til Kanada og hélt þar tónleika á slóðum Vestur-Íslendinga. Kvennakór Reykjavíkur fór til Ungverjalands í sumar, en stjórnandi kórsins Ágota Joó er ungversk og söng kórinn m.a. í heimaborg hennar Zseged. Kvennakórinn Léttisveit Reykjavíkur flaug til Ítalíu og sungu kórkonur þar af hjartans lyst. Eins lögðu nokkrir af kórnum land undir fót og þeirra á meðal var Kvennakór Akureyrar sem hélt tónleika á Siglufirði, Kvennakór Suðurnesja hélt tónleika á Snæfellsnesi og Kvennakór Hornafjarðar heimsótti höfuðborgina og hélt tónleika í Árbæjarkirkju. Kvennakór Kópavogs og Uppsveitasystur héldu tónleika á Suðurnesjum ásamt fleiri kórum undir stjórn Gróu Hreinsdóttur. Frejukórinn var með söngbúðir í Borgarfirði í byrjun mars þar sem öllum syngjandi konum á Vesturlandi var boðið að taka þátt. Þær fóru einnig til Ítalíu í sumar og héldu tónleika á nokkrum stöðum.

Nýir kórar.

Kvennakórinn Söldís í Skagafirði sótti um aðild að Gíggunni og var kórinn boðinn velkominn í hópinn. Fyrir rúmu ári síðan var stofnaður kór sem hét Kvennakór Breiðholts-Valkyrjurnar, en ákveðið var að skipta um nafn á haustönn og heitir kórinn nú Fjalladísir. Þær gengu einnig í raðir Gíggukóra á árinu. Stjórn Gíggunnar fagnar því að fá nýja kóra inn í landssambandið og býður þá hjartanlega velkomna.

Erlendur kvennakór heimsótti okkur í sumar, en það var kvennakór frá háskólanum í Winnipeg í Kanada, UNIVERSITY OF MANITOBA WOMEN'S CHORUS. Þetta var fyrsta utanlandsferð kórsins og komu þær víða fram, m.a. á nokkrum tónleikum í Reykjavík. Má þar nefna tónleika í Háteigskirkju ásamt Kvennakór Háskóla Íslands og Kvennakór Kópavogs og

hádegistónleika á Háskólatorgi ásamt Kvennakór Háskóla Íslands. Einnig fór kórinn norður til Akureyrar og söng í Hofi.

Og meira um afmæli.

Gígjan, landssamband íslenskra kvennakóra var stofnað 5. apríl 2003 og verður því 10 ára næsta vor.

Á síðasta stjórnarfundum Gígunnar kom upp sú hugmynd að fá tónskáld til að semja verk af þessu tilefni og var það einróma samþykkt. Leitað var til Þóru Marteinsdóttur, tónskálds og tók hún málaleitan okkar einstaklega vel og er þegar sest niður við tónsmíðarnar. Lagið verður útsett með píanóundirleik. Textinn við lagið hefur ekki verið ákveðinn enn sem komið er. Sótt hefur verið um styrk úr Menningarsjóði Hlaðvarpans fyrir laginu.

Það er einlæg ósk okkar í stjórninni að aðildarkórar Gígunnar flytji lagið samtímis hver í sinni heimabyggð í kringum afmælishelgina og verður sent bréf til kórformanna og stjórnenda þess efnis á næstu dögum svo lagið komist auðveldlega fyrir í dagskrá kóranna í vor.

Lógó Gígunnar.

Nýtt lógó eða merki Gígunnar var kynnt á síðasta aðalfundi og prýðir nú heimasíðu sambandsins.

Verið er að undirbúa gerð hátíðarfána með merkinu. Gert er ráð fyrir að hann standi við borð stjórnar á aðalfundum og einnig á Landsmótum Gígunnar. Áætlað er að annað efni með merkinu eins og t.d. barmmerki og borðfánar verði gerð fyrir næsta landsmót sem verður á Akureyri 2014.

Vefsetur Gígunnar.

Ennþá er verið að undirbúa uppfærslu á vefsetri Gígunnar. Að mati stjórnar þótti tilboð sem kom í uppfærsluna of hátt og of viðamikilið og voru nokkrir liðir þess því felldir út. Gert er ráð fyrir að nýtt andlit vefsetursins komi í ljós fljótlega, en Heiða Gunnarsdóttir, vefari setursins hefur sett lógóið inn í borðann sem liggur efst á forsíðunni. Munum svo að vefsetrið er fyrir okkur allar sem heimildasafn og upplýsingamiðill og því mikilvægt að við séum duglegar að senda inn upplýsingar um starfsemi kóranna okkar, tónleika og aðra viðburði. Það erum jú við eða aðildarkórarnir sem í raun skapa síðuna.

Að lokum.

Stjórn Gígunnar þakkar öllum aðildarkórum sambandsins fyrir gott samstarf á þessu starfsári með þá von að það megi eflast og styrkjast á komandi árum. Svo látum við okkur hlakka til 10 ára afmælis sambandsins og að syngja „afmælislagið“ okkar.

2. Reikningar.

Anna Laxdal lagði fram reikninga starfsársins 2011-2012 og las þá yfir fyrir fundargesti.

3. Umræða um skýrslu og reikninga.

Engar fyrirspurnir urðu um skýrslu stjórnar og var hún samþykkt einróma undir þessum lið. Í ljós kom að um ranga reikninga stjórnar var að ræða og var samþykkt að senda réttir reikningar yrðu sendir á aðildarkórum síðar.

4. Tillögur og lagabreytingar.

Engar tillögur bárust um lagabreytingar á lögum Gíggunnar.

5. Ákvörðun árgjalds.

Lagt var til að hafa árgjald óbreytt frá fyrra ári, þ.e. 200 kr. pr. kórkonu og 3000 kr. á hvern aðildarkór. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Kosning formanns.

Anna Laxdal Þórólfsdóttir gaf kost á sér áfram sem formaður. Var hún samþykkt með lófaklappi.

7. Kosning stjórnar og varamanna.

Þórhildur Kristjánsdóttir, Kvk Hornafjarðar Ragnheiður Helgadóttir, Kvk Hafnarfjarðar, og Dagný Þrastardóttir, Kvennakór Ísafjarðar gefa kost á sér áfram í aðalstjórn. Steiney Halldórsdóttir, Kvk Hafnarfjarðar, óskaði eftir að hætta sem ritari. Enginn gaf kost á sér svo ákveðið var að reyna að fá Steiney til að vera áfram. Snæfríð Egilson, Kvk Akureyrar, Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir, Kvk Akureyrar og Anna Guðrún Gylfadóttir, Kvk Ísafjarðar gefa kost á sér áfram í varastjórn. Allar voru samþykktar samhljóða.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

Skoðunarmenn reikninga eru Inga J. Arnar og Margrét Hreinsdóttir. Þær gefa kost á sér áfram og voru samþykktar einróma.

9. Önnur mál.

Heiðurstilnefning. Anna Laxdal las upp tilnefningar sem komu frá kórnum en tilnefningarnar voru eftirfarandi:

Margrét Pálmadóttir Kvennakór Reykjavíkur,
Aðalheiður Gunnarsdóttir Kvennakór Suðurnesja,
Aðalbjörg Sigmarsdóttir Kvennakór Akureyrar,
Guðrún Ósk Sæmundsdóttir Kvennakór Kópavogs,
María Björk Viðarsdóttir Léttisveit Reykjavíkur og
Bergþóra Fjola Úlfarsdóttir Kvennakór Öldutúns.

Stjórnin ákvað að þar sem Margrét Pálmadóttir hafði verið heiðruð á Landsmóti kvennakóra á Selfossi 2011, væri rétt að gefa öðrum tækifæri.

Stjórnin kaus á milli þessara heiðurskvenna og varð Aðalheiður Gunnarsdóttir, Kvennakór Suðurnesja fyrir valinu.

Eftirfarandi er umsögn Kvennakórs Suðurnesja um Aðalheiði.

Sælar kæru konur í stjórn Gígjunnar.

Stjórn Kvennakórs Suðurnesja hefur ákveðið að tilnefna Aðalheiði Gunnarsdóttur.

Heiða, eins og við köllum hana, byrjaði í Kvennakór Suðurnesja haustið 1998. Árið 2000 var hún kosin í stjórn kórsins enda kom fljótt í ljós hversu dugleg hún er og vildi kórnum sínum allt hið besta. Hún sat í stjórninni til ársins 2005, þar af formaður kórsins frá 2001-2003. Hún var formaður kórsins þegar kórinn hélt Landsmót kvennakóra í Reykjanesbæ 3. - 5. maí 2002. Auk þessa hefur hún starfað í ýmsum nefndum innan kórsins, s.s. fjáröflunarnefnd og matarnefnd. Einnig hefur Heiða sinnt ýmsum störfum fyrir kórinn eins og að útbúa tónleikaskrár og auglýsingar, semja fréttatilkynningar, hafa umsjón með heimasíðu kórsins og tengsl við fjölmiðla. Á síðasta aðalfundi okkar var hún titluð upplýsingafulltrúi kórsins og má segja að hún hafi verið í því hlutverki meira og minna í mörg ár þó að þessi titill hafi ekki fylgt fyrir en nú.

Heiða er alltaf tilbúin að leggja á sig aukavinnu fyrir kórinn og gerir það með glöðu geði. Hún er góður félagi og passar vel upp á konurnar í sinni rödd en hún er einmitt raddformaður í messó-röddinni. Hún lætur nýjar konur sitja við hlið sér og leiðir þær áfram fyrstu skrefin af einstakri ljúfmennsku.

Á formannafundi á Landsmóti kvennakóra í Reykjanesbæ árið 2002 var ákveðið að stofna landssamband kvennakóra og var stofnfundur Gígjunnar haldinn 5. apríl 2003. Kvennakór Suðurnesja var stofnfélagi í landssambandinu og var Heiða ásamt fleiri stjórnarkonum fulltrúi kórsins á stofnfundinum (KKS átti fyrsta formann sambandsins, Guðrúnu Karlsdóttur). Heiða var í varastjórn Gígjunnar frá 2006 - 2008 og í aðalstjórn frá 2008 - 2011, þar af formaður frá 2009 - 2011. Hún hefur verið vefstjóri Gígjunnar frá 2010.

Það munar um svona konur eins og hana Heiðu okkar. Hún er okkur hinum góð fyrirmynd á svo margan máta. Þess vegna tilnefnum við hana.

*Með kærri kveðjur frá okkur í Kvennakór Suðurnesja,
Stjórnin.*

Anna Laxdal afhenti Aðalheiði Gunnarsdóttur skjal og verðlaunagrip í tilefni viðurkenningarinnar.

Innri vefur Vox feminae.

Hallveig Andréadóttir frá Vox feminae kynnti innri vef kórsins. www.voxfeminae.is. Inni á vefnum eru nafnalistar, skráningar, mætingalistar, og búið er að skanna inn öll lög sem kórinn hefur sungið. Einnig er þar Kirnan sem er innrivefur kórkvenna. Við þetta sparast mikill ljósritunarkostnaður. Einnig eru þar inni lög og reglur kórsins, erindisbréf nefnda, allar

fundargerðir, fjölmiðlaumfjallanir, tónleikaskrár og myndasafn svo eitthvað sé nefnt. Síðan er góð fyrir byrjendur í kórnum til að kynna sér starfið og sögu kórsins. Hallveig sagði að síðan hefði kostað um 400.000. kr

Ferðasögur tveggja kvennakóra.

Kvennakór Akureyrar til Kanada, Una Þóra Sigurðardóttir sagði frá.

Söngferðalag Kvennakórs Akureyrar til Kanada 2012

Kvennakór Akureyrar hefur það að markmiði sínu að fara erlendis í söngferð að jafnaði fjórða hvert ár.

Haustið 2011 kom upp sú hugmynd hjá kórnum að fara á Íslendingaslóðir í Kanada og taka þátt í hátíðahöldum á Íslendingadeginum í Gimli. Ákveðið var að fara með ferðaskrifstofunni Vesturheimi sem sérhæfði sig í ferðum á Íslendingaslóðir í Vesturheimi. Það komu upp nokkur vandamál í skipulagningunni síðar um haustið og um tíma virtist sem ekkert yrði úr ferðinni. Iceland Express hætti að fljúga til Winnipeg, ferðaskrifstofan varð gjaldþrota og á ýmsu gekk. En ekki gáfumst við upp og eftir töluverðar vangaveltur og kannanir var ákveðið að fara með ferðaskrifstofunni Bændaferðum og ferðin varð að veruleika.

Við tóku stífar æfingar og kórinn getur nú til dæmis sungið þjóðsöngva Íslands, Kanada og Bandaríkjanna rétt eins ekkert sé. Prógrammið var tvískipt, íslensk þjóðlög og blanda af erlendum lögum af ýmsu tagi.

Ákveðið var að kórinn myndi syngja á þremur tónleikum; í Gimli, Riverton og Minneapolis, auk þess að taka þátt í hátíðahöldunum á Íslendingadeginum í Gimli. Í för með okkur konunum var að sjálfsgöðu kórstjórinn okkar, Daníel Þorsteinsson og slatti af puntstráum. Puntstrá eru nánir aðstandendur eða áhangendur kvenna í Kvennakór Akureyrar, aðallega þó eiginmenn kórkvenna. Það er lögð sérstök áhersla á fyrri hluta orðsins, það er - PUNT.

Við flugum til Minneapolis og okum þaðan norður til Kanada. Reyndar þurfti kórinn að fljúga út í tveimur hollum með dags millibili en það kom ekki að sök, þær kaupglöðustu fóru í fyrri hópnum.... að sögn okkar sem seinna fórum. Hóparnir sameinuðust í Minneapolis að kvöldi 3. ágúst, fyrri hópurinn var þá búinn að skoða sig aðeins um og versla.

Að morgni laugardagins 4.ágúst var lagt af stað til Kanada. Hrafnhildur Sigmarðóttir var fararstóri í rútunni minni og Jónas Þór, aðalfararstjóri hópsins, í hinni. Það tók um einn og hálfan dag að aka norður til Winnipeg. Það fór vel um hópinn í tveimur góðum 35 manna rútum. Það er ekki mikið um sextíu manna rútur á þessum slóðum í Ameríku, annað en á mjóu vegunum á Íslandi! Bílstjórnarnir voru mjög liprir og elskulegir, vildu allt fyrir okkur gera.

Við kórkonur höfðum hlustað á Atla Ásmundsson ræðismann Íslands í Kanada segja frá Vestur-Íslendingum. Ég man að hann sagði frá því að hann hefði fyrst vitað hvað cruise control var þegar hann fór þangað vestur. Það væri bókstaflega ekið í sömu átt heilu dagana. Og landslagið væri, „að hugsa eitthvað flatt og fletja það svo enn meira út“. Þetta var alveg rétt hjá honum, allavega séð með augum norðlensku daladótturinnar! Á leið norður sögðu fararstjórnarnir frá upphafi búsetu Vestur-Íslendinga á þessum slóðum. Ég man sérstaklega eftir því að Hrafnhildur varð hálf klökk þegar ekið var um sléttur Norður- Dakóta, bestu landbúnaðarhéruð Norður Ameríku.

Þar lá leið íslensku landnemanna um og í stað þess að setjast þar að héldu þeir norður til Manitoba þar sem ýmsar hörmungar biðu þeirra.

Á leiðinni til Grand Forks sem var næsti gististaður á leiðinni var áð í bænum Alexandríu og skoðað norrænt byggðasafn. Ýmislegt var þar öðruvísi en á íslenskum byggðasöfnum. Kórinn tók að sjálfsögðu lagið í kirkju í safninu og þar hljómaði íslenskur söngur jafnvel og heima.



Þriðji dagurinn rann upp og nú magnaðist spennan, Kanada var rétt handan við sjóndeildarhringinn. Það er ekki hægt að tala um, handan við næsta hól, þarna! Fararstjórnir voru búnir að tala mikið um smámunasemi kanadíska landamæravarðanna. Ekkert áfengi mátti vera uppi og ekkert matarkyns, þeir væru meira að segja vísir til að skoða í töskur. Nú voru góð ráð dýr, það var eitthvað eftir af smá vínflöskum – jafnvel slatti í einum og einum koníaksfleyg í handfarangri. Við söngkonurnar máttum ekki drekka dropa af víni þar til eftir tónleika og ekki dugði að láta tollarana gera þetta upptækt. Það var því hellt vel upp á puntstráin áður en komið var að landamærunum! En svo gekk allt eins og í sögu, það kom í ljós að þarna var tollvörður af íslenskum ættum sem brosti út í bæði og lét við okkur eins og við værum nánir ættingjar.

Til Winnipeg var komið um hádegi. Áður en haldið var áfram til Gimli var stoppað við þinghúsið og heilsað upp á Jón Sigurðsson, það er að segja minnismerkið. Jón er þar í hátignarlegum félagsskap Viktoríu, formóður Elísabetar Bretadrottningar, því stytta af Viktoríu er örstutt frá minnismerkinu um Jón Sigurðsson.

Á leiðinni norður til Gimli var mjög sérstakt að sjá alíslensk nöfn á sveitabæjum og íslenska fánann við hún.

Um kvöldið söng kórinn á hátíðatónleikum í Gimli, The Celebrity Concert, í Johnson Hall við góðar undirtektir. Þar voru meðal annarra gestir frá Íslandi til að mynda bæjarstjóri

okkar Akureyringa og kona hans. Á tónleikunum var einnig Rósalind Vigfússon. Rósalind er vel þekkt í vestur-íslensku samfélagi og einkum fyrir að stofna og stjórna barnakórum. Hún kennir börnum af vestur-íslenskum ættum, íslensku með söng. Mjög merkileg kona. Kórinn söng eitt lag eftir hana, Minni Íslands. Ljóðið er eftir Vestur-Íslendinginn Böðvar Jakobsson. Þetta var í fyrsta sinn sem þetta lag er flutt af íslenskum kór og vakti mikla lukku. Eftir vel heppnaða tónleika var haldið aftur heim á hótél í Winnipeg.

Mánudaginn 4.ágúst var lagt eldsnemma af stað til Gimli enda stóð mikið til. Þennan dag var Íslendingadagurinn haldinn hátíðlegur í Gimli og Kvennakór Akureyrar tók fullan þátt í hátíðahöldunum.

Íslendingadagurinn í Gimli á sér langa sögu eða allt frá árinu 1932. Við tókum fyrst þátt í heljarinnar skrudgöngu, það var engin venjuleg skrudganga. Við sátum á heyböggum sem voru uppi á risastórum vagni eða trailer.

Ekið var um götur Gimli í um eina klukkustund í langri lest annara ökutækja. Daníel kórstjóri var fremstur með nikkuna og kórkonur og puntstrá röðuðu sér beggja vegna eftir endilöngum vagninum. Við sungum eins og enginn væri morgundagurinn, ég hélt hreinlega að Daníel væri búinn að gleyma því að kórinn átti að syngja fallega á hátíðasamkomunni eftir hádegi. Vinsælasta lagið var án efa, Á Sprengisandi. Það virtust margir kannast við það lag, enda kom í ljós að Rósalind var mikið með það lag í barnakórunum sínum. Kanadísku og íslensku fánarnir blöktu allstaðar og fólkið fagnaði ákaft. Okkur leið eins og drottningum, þetta var ógleymanleg upplifun.

Eftir hádegi tók kórinn þátt í hátíðasamkomu, þar eru ýmsar venjur hafðar í hávegum, fjallkonan kemur í fullum skrudá, sungin lög eins og Fósturlandsins Freyja, Eldgamla Ísafold og enska útgáfan – God save the Queen auk þjóðsöngva beggja landa. Og ótrúlega mikið af ræðum.....

Það var glatt á hjalla í rútunum á heimleiðinni og mikið sungið, góður dagur á enda.

Þriðjudagurinn 5.ágúst rann upp og þá var farið í skoðunarferð til Nýja Íslands m.a til Árborgar og Mikleyjar. Í Árborg skoðuðum við byggðasafn sem tengdist landnemum á þessu svæði m.a. Íslendingum.

Við heimsóttum einnig Rósalind og Einar Vigfússon á býli þeirra Drangey skammt frá Árborg. Einar er ekki síður merkilegur en Rósalind en hann er mjög þekktur fyrir listilegan útskurð, einkum fugla.

Það var mjög eftirminnilegt að koma til Mikleyjar eða Hecla. Þar var áður alíslensk byggð. Þar hittum við Maxemine Ingalls sem er af íslenskum ættum og vinnur við að sýna íslensku ferðafólki byggðina. Það var afar sérstakt að röлта um kirkjugarðinn á eyinni. Það var rétt eins og að vera í íslenskum kirkjugarði. Íslensk nöfn og íslensk grafskrift. Við enduðum á söng í kirkjunni, sungum alíslenskan sálm frá sautjándu öld, Jesú mín morgunstjarna. Það var vel við hæfi.

Dagurinn endaði á tónleikum í Riverton. Þar eins og allstaðar var tekið á móti okkur með kostum og kynjum. En það var mjög heitt inni og við vorum að kafna í skósíðum kórkjólunum. Ekki bætti úr að bæjarstjórinn í Riverton, Davíð Gíslason hélt sérlega langa ræðu í upphafi og héldum við kórkonur að nú væri okkar síðasta stund upprunnin. Kvennakór Akureyrar myndi hreinlega andast úr hita.

En við lifðum þetta af og það var einstaklega gaman að syngja fyrir fólkið þarna. Þetta var svolítið eins og að vera með tónleika í rammíslensku félagsheimili á Íslandi. Á eftir svignuðu borðin undan vinartertum og öðrum kræsingum.

Það voru þreyttar en ánægðar konur og puntstrá sem héldu aftur heim á hótél í Winnipeg.

Daginn eftir kvöddum við Kanada með trega í hjörtum og góðum minningum um einstaklega gestrisið og hjartahlýtt fólk. Ferðalagið aftur til Minneapolis gekk vel. Við hittum aftur á brosmildan vestur íslenskan landamæravörð en nú Bandaríkja megin. Bílstjórarnir höfðu sjaldan farið jafn auðveldlega fram og til baka yfir landamærin. Gist var í bænum Fargo á leiðinni til Minneapolis. Kórkonur og puntstrá gerðu sér glaðan dag og slökuðu á eftir mikla keyrslu undanfarinna daga, söngur og harmonikkuspil ómaði langt fram á kvöld.



Við komum aftur til Minneapolis fimmtudagskvöldið 10. ágúst - með smá stoppi í Albertville Premium Outlet. Það var ekki amaleg staðsetningin á síðasta gististað ferðarinnar, Spring Hill Suites, verslunarmiðstöðin Mall of America var rétt handan götunnar. Kór og puntstrá eyddu síðustu dögum ferðarinnar í Minneapolis meðal annars við verslun, söng og siglingu á Mississippi.

Föstudagskvöldið 11.ágúst söng kórinn þriðju og síðustu tónleikana í ferðinni. Þeir tónleikar voru haldnir í Grace University Lutheran Church og voru á vegum Íslendinga félagsins í Minneapolis. Það var svolítið öðruvísi að halda tónleika í Minneapolis en norður í Kanada, einhvern veginn ekki eins mikil nánd við tónleikagesti. En eins og áður var söng okkar mjög vel tekið af þakklátum áheyrendum.

Næst síðasta dag ferðarinnar, laugardag 12. ágúst, fór hópurinn í siglingu með fljótabát á Mississippi. Það var mjög gaman, við snæddum dýrindis hádegis verð og um borð hljómaði lifandi banjótónlist. Við tókum að sjálfsögðu lagið fyrir aðra gesti á bátnum og á Mississippi fljótinu ómuðu um stund íslensk þjóðlög auk annarra tónsmíða.

Síðdegis sunnudaginn 13. ágúst kvaddi Kvennakór Akureyrar og fylgdarlið Minneapolis og hélt heim eftir vel heppnaða söngför til Vesturheims.

Það er frábært að vera í góðum og samstilltum kór, að geta deilt gleði og sorg með kórfélögum. Að fara að auki í svona ferðalag með kórnum sínum er ómetanleg upplifun. Það er svo gaman, við kynnumst betur og það þjappar okkur enn betur saman.

Ég þakka kórsystur, kórstjóra og puntstráum fyrir ógleymanlega ferð!

*Una Þórey Sigurðardóttir
Kvennakór Akureyrar*

Kvennakór Reykjavíkur til Ungverjaland, Kolbrún Halldórsdóttir sagði frá.

Komið þið sælar, ég heiti Kolbrún og ég syng fyrsta sópran í Kvennakór Reykjavíkur. Við fórum til Ungverjaland í sumar og ég ætla að segja ykkur aðeins frá þeirri ferð.



Það má segja að forsagan af þessari ferð hafi verið sú að við fengum nýjan stjórnanda í janúar 2010. Hún heitir Ágota Joó og er frá Ungverjalandi. Og svo þegar kórinn kom saman aftur eftir sumarfrí, haustið 2010, þá var Ágota nýkomin úr ferð til Ungverjaland, með nemendum úr tónskóla DoReMi, en hún kennir við skólann og er Vilberg, maðurinn hennar skólastjóri þar. Hún var svo ánægð með þá ferð og lýsti þessu svo vel og skemmtilega að okkur langaði líka að fara og það var ákveðið að stefna að því að fara sumarið 2012. Ungverjaland er nú einu sinni land kóranna og mikil kórahefð þar og Ágota gat ekki beðið eftir því að sýna okkur landið sitt þar sem hún ólst upp.

Svo leið haustið 2010 og vorið 2011, þá reyndar skruppum við til Ísafjarðar og héldum tónleika þar ásamt Karlakór Ísafjarðar og Kvennakór Ísafjarðar, sú ferð er reyndar alveg efni í annan pistil en við sleppum honum hér. Haustið 2011 var allt sett í gang. Skipuð var ferðanefnd sem samanstóð af reynsluboltum í ferðalögum og Ágotu kórstjóra og ákveðið að kórinn skyldi út aðfararnótt 13.júní og ekki koma heim fyrr en aðfararnótt 22.júní. Sem sagt, 10 daga ferð og ákváðum við að skyldum halda tvenna tónleika, í Szeged, heimaborg Ágotu kórstjóra og svo í Vác og svo bara njóta lífsins.

Kórkonur fóru í endalaus fjáröflun, við seldum klósettpappír í kílómetravís og annað eins af eldhúsrúllum, fórum í vörutalningu í Krónunni, seldum kerti og guðmávitað.. þar til að brottfarardagur rann upp þann 12.júní 2012.

Við mættum í Leifsstöð rétt fyrir miðnætti og áttum næturflug til Vínarborgar, þar sem við lentum í roki og rigningu. Þar biðu okkar svo rútur til þess að keyra okkur til Szeged. Það er um 5 tíma ferðalag, eða 6 eða 7 með pissustoppum. Það voru því ansi þreyttar kórkonur sem tjékuðu sig inn á hótelið eftir næstum 15 tíma ferðalag. Þá var nú sem betur fer hætt að rigna og hitinn orðinn 35 stig og sól.



Þreytt æfing í Szeged

Við fórum og fengum okkur að borða og héldum svo sutta og frekar þreytta æfingu og svo var farið að lúlla eftir langan dag.

Daginn eftir var tónleikadagur. Við byrjuðum hann á því að Ágota sýndi okkur borgina sína.



Dómkirkjan Szeged

Við skoðuðum Dómkirjuna í borginni. Að sjálfsögðu þurftum við að prófa hljómburðinn þar og sungum því Mária ljáðu mér möttul þinn. Það var gæsari alla leið. Seinna um daginn héldum við tónleika í Ráðhúsgarðinum í Szeged ásamt kvennakór Bela Bartok. Fyrirverandi stjórnandi þess kórs heitir Eva.



að rétta út hendina og þá þögnuðum við allar sem ein. Við vorum skíthræddar við hana!

Hún var tónmenntakennari Ágotu og stjórnaði henni í kór í gamla daga og var Ágota búin að segja okkur alls konar sögur af þessari konu sem var víst ansi ströng. Við tókum eina æfingu með henni þar sem við æfðum lagið sem við sungum með hinum kórnum.

Þið vitið hvernig þetta getur verið á kóræfingum, konur geta blaðrað út í eitt og hjá okkur í Kvennakór Reykjavíkur, þarf stundum að blístra eða berja aðeins á nóturnar á píanóinu til þess að fá athygli og þögn. Eva þurfti ekkert slíkt. Hún þurfti bara

Ráðhúsið í Szeged



Allavega, við héldum þarna tónleika. Tónleikastaðurinn var svona hellulagður garður, umvafinn háum húsum og það varbúið að raða stólum út um allt.

Við fengum fullt af gestum, þar á meðal mömmu hennar Ágotu, frænda hennar og fjölskyldu, vini og bara fullt af fólki. Gestgjafarnir okkar byrjuðu dagskránnu og sungu tvö lög og gerðu það mjög vel. Svo tókum við okkar prógram sem var aðallega íslensk lög og svo sungum við ungversk lög á ungversku.

Skemmst er frá því að segja að við vorum æði. Við vönduðum okkur svo mikið og

vorum svo einbeittar því að við fundum svo vel hvað þetta var mikilvægt fyrir kórstjórnann okkar. Þarna voru gömlu kórstjórnarnir hennar og gamli tónmenntakennarinn hennar og þarna var hún mætt heim aftur með kórinn sinn til þess að sýna þeim. Eða þannig upplifði ég þetta allavega. Og við stóðum okkur vel, vorum langflottastar og sungum með hjartanu, lungunum og bara öllu. Í alvöru. Við vorum frábærar og þetta var dásamleg stund og algjörlega hápunktur ferðarinnar. Við fundum svo sterkt hvað kórstjórnin okkar var stolt af okkur og hvað við erum stoltar af henni.



Svo sungum við tvö lög með gestgjöfunum, eitt íslenskt, Úr útsæ rísa íslands fjöll og svo eitt ungverskt. Eftir tónleikana bauð ungverski kórinn okkur í mat og það var yndislegt.

Heimsókn til Lolu

Daginn eftir var okkur boðið í hádegisheimsókn til Lolu, mömmu hennar Ágotu. Henni þótti ekkert mál að fá 70 manna kór í heimsókn og tók á móti okkur í bakgarðinum sínum og bauð upp á drykk. Hitinn var sirka 37stig, við vorum ekkert búnar að borða og fullt af víni.

Við áttum ekki orð. Í alvöru. Þannig að við bara sungum og sungum og drukkum og drukkum og fórum svo syngjandi út :) Við röltum aftur uppá hótél, komum við í skóbúð - eða skóbúðum..



...Kíktum í HM,



Fengum okkur bjór, ...

... Sóproni bjór sem við sópransystur kölluðum að sjálfsögðu sópran bjór, og gerðum svona það helsta sem maður gerir í útlöndum

Þegar við komum upp á hótél, þá var næst á dagskrá að græja sig í garðveislu hjá Ágotu en hún á lítið hús í Szeged þar sem fjölskyldan dvelst á sumrin.



Garðveisla hjá Ágotu

Þetta var algjörlega yndisleg stund og þegar við sungum Heimkomuna... eða lagið "Ég er komin heim", fyrir kórstjóran okkar, þá grétum við allar.

Þar voru móttökurnar ekki síðri en hjá Lolu fyrr um daginn, veðrið var æði, og borðin svignuðu undan mat og víni.



Daginn eftir, þann 16 júní, vöknud konur eldsprækar, eldsnemma og hlupu kvennahlaupið.

Hitinn var ennþá 35+ en Kvennakór þarf náttúrulega að hlaupa kvennahlaup þó hann sé í útlöndum. Nær allar konurnar hlupu og var mikil gleði og hamingja í hópnum. Eftir hlaupið kvöddum við

Szeged með tár á hvarmi og hjartað fullt af þakklæti yfir þessum frábæru móttökum.

Nú lá leið okkar til Búdapest.. og okkur lá á, Bruce Willis var nefnilega að taka upp atriði í bíómynd bara í næstu götu við hótelið okkar þar... við máttum ekki missa af því.

Þegar þangað var komið og við búin að tjékka okkur inn á hótelið okkar fórum við hinn týpíska ferðamannahring og skoðum Búdapest.

Meðal annars skoðuðum við Hetjutorgið.

Hitinn var um 40 stig og fararstjórinn okkar sagði endalausar sögur af keisurum og kóngum eða hvað sem allir þessir kallar hétu, á meðan Kvennakór Reykjavíkur hreinlega bakaðist í hitanum.



Þegar skoðunarferðin var búin, beið okkar sigling niður Dóná, með mat, sígaunahljómsveit og yndislegheitum. Skemmst er frá því að segja að það að sigla niður Dóná, horfa á borgarljósinn í Búdapest og syngja íslenska ættjarðarsöngva var undursamleg tilfinning.



Við keyrðum út fyrir Búdapest, til barokkborgarinnar Vác þar sem við höldum tónleika í hátíðarsal tónlistaskólans þar. Á tónleikunum sungu líka tveir ungverskir kórar, Váci Harmónia Kórus og Gaudi Kórus. Við röðuðum okkur upp hringinn í kring um salinn og sungum María meyjan skæra.. og töltum svo á sviðið. Það var yndislegt. Við eignuðumst eldheita aðdáendur. Svo heita að þeir tóku íslensku fánanann traustataki, sem við vorum með á sviðinu og fóru með heim.

Þvílík var ánægjan með okkur.

Eftir tónleikana beið okkar vínsmökkun og galadinner á herragarði í borginni Göd.

Það var.. hresst..

Við, upptjúnaðar eftir tónleika, svangar og svo komum við allt of seint í vínsmökkunina þannig að hún var tekin á núll einni, 5 vín smökkuð og vel hellt í glösin. Jú, maður mátti spýta.. en sumir segja að maður eigi aldrei að henda víni og svo vorum við svo svangar. Neinei, ég er náttúrulega aðeins að ýkja þetta en samt ekki mikið. Eftir þetta vínþamb, þá fengum við voða fínt að borða, sungum og töluðum og hlógum og grétum..



Svo þegar langt var liðið á kvöldið þá fórum við út í myrkrið, inn á milli trjánna og sungum Ejzaka. Ejzaka þýðir nótt á ungversku og fjallar um nóttina í skóginum, þytinn í laufunum, þytinn í fuglunum sem fljúga um og öll hljóðin í myrkrinu. Þetta var magnað og er algjörlega uppáhalds mómentið mitt í þessari ferð. Þarna var ég.. í Ungverjalandi, einhversstaðar í einhverri borg, með þessum dásamlegu konum.. að syngja þetta

magnaða verk í kolniðamyrkri.

Hjartað í mér fylltist af hamingju, ást og svo miklu þakklæti. Það eru forréttindi að geta sungið og að fá að gera það með þessum konum, er bara einstakt. Ég veit að ég er alveg væmin fyrir allan peninginn en mér er sama, ég er viss um að þið allar hafið upplifað eitthvað svona móment.. og ef ekki, þá vona ég að þið eigið það eftir.

Allavega.. daginn eftir fórum við að Balaton vatni þar sem við dvöldum í afslöppun í þrjá daga. Aðal túristatíminn var varla byrjaður við vatnið, þannig að það má segja að við höfum haft hótelið og garðinn að mestu útaf fyrir okkur. Við fórum í allskonar nudd, handsnyrtingu, fíotsnyrtingu, syntum í Balaton vatni og lágum í sólbaði.



Hitinn var 35+ allan tíman og þetta var bara dásemd. Sumar fóru og tóku lagið um miðja nótt á bryggjunni, moskítóflugunum til mikillar ánægu. Kórinn söng Rauða Riddarann, með stappi og öllu saman á pramma úti í Balaton, og var það ansi góð jafnvægisæfing.. og má segja að við höfum frekar minnt á stappandi súmóglímukappa heldur en virðulegar kórkonur. Og svo var bara legið í sólbaði og drukkið hvítvín. Þetta var ansi ljúft.

Eins og ein kórsystir mín orðaði það svo skemmtilega, hvað er betra en að liggja í sólbaði og drekka hvítvín með 60 vinkonum? Það er fátt held ég.





Eftir þessa dásendar afslöppun, héldum við heim á leið, brúnar og sætar. Við keyrðum til Sopron og biðum þar, þar til það var kominn tími til að keyra aftur til Vínarborgar en við áttum flug þaðan heim seint um kvöldið.



Þetta var fyrsta utanlandsferðin mín með kórnum mínum. Ég byrjaði í honum haustið 2006 og síðan þá hafa verið farnar 2 aðrar ferðir en ég komst ekki með í þær.. en ég mun fara í allar ferðir héðan í frá. Ég mun leggja ýmislegt á mig til þess og er strax farin að safna fyrir næstu, því þessi ferð er eitt af því skemmtilegasta sem ég hef gert. Maður kynnist konunum eitthvað svo vel og öðruvísi í svona ferð og ég tala nú ekki um þegar maður upplifir svona margt og móttökurnar eru svona yndislegar eins og við fengum hjá öllum þeim sem við hittum. Að ég tali nú

ekki um það að geta deilt svona ferð með yndislegu kórstrytum mínum. Það toppar þetta ekkert.

Takk fyrir mig.

Kolbrún.

Landsmót kvennakóra á Akureyri 9.-11. maí 2014.

Una Þóra Sigurðardóttir í Kvennakór Akureyrar las söngkveðju frá landsmótsnefndinni.

10 ára afmæli Gígjunnar 5. apríl 2013.

Anna Laxdal Þórólfsdóttir formaður las upp bréf sem sent verður á kórformenn og kórstjóra. Bréfið er svohljóðandi.

Reykjavík, 29.10.2012.

Ágætu kórformenn og kórstjórar.

Á aðalfundi Gígjunnar sem haldinn var sl. Laugardag kom fram að á komandi vori, nánar tiltekið þann 5. apríl 2013 verður Gígjan landssamband íslenskra kvennakóra 10 ára. Af

Því tilefni hefur stjórn sambandsins leitað til tónskáldsins Þóru Marteinsdóttur um að semja lag fyrir Gígjuna.

Hún tók málaleitan stjórnarinnar einkar vel og er þegar sest við tónsmíðarnar og ráðgerir að ljúka þeim fyrir áramótin. Vætanlega mun ljóð við lagið fljótlega líta dagsins ljós, en ekki hefur alveg verið gengið frá því. Lagið verður útsett fyrir kvennakór og píánó.

Sótt hefur verið um fjárstyrk til verksins í Menningarsjóð Hlaðvarpans.

Hugmynd okkar er sú að aðildarkórar Gígjunnar sem í dag eru 29 talsins, syngi þetta lag á afmælinu sem ber upp á föstudag eða í kringum afmælishelgina. Einnig er kórunum velkomið að flytja lagið á dagskrá vortónleika þeirra.

Nótur að laginu verða sendar aðildarkórum og verður tilkynnt um það síðar.

*Með kveðju,
f.h. stjórnar Gígjunnar
Anna Laxdal Þórólfsdóttir, formaður.*

Landsmót kvennakóra á Selfossi 2011.

Rætt var um upptökur af tónleikum á kvennakóramótinu á Selfossi. Upptökurnar eru til og er diskurinn til sölu hjá Jórúkornum á Selfossi. Óskað var eftir því að frétt þess efnis yrði sett á vefsetur Gígjunnar.

Fundi var slitið kl. 16:10

Ritarar fundargerðar: Dagný Þrastardóttir og Anna Guðrún Gylfadóttir.